



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2008
Tilvísun: UST20080400004/hj

Borun rannsóknarholu í Gjástykki, tilkynning vegna matskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dagsett 28. mars sl þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða gerð borteigs, borun rannsóknarholu og prófunar á henni í Gjástykki. Fram kemur að borteigurinn er að flatarmáli 3.500 m² og liggur norðan girðingarslóðar. Borholan er hönnuð sem vinnsluhola og byggð verður svarfpró við borteiginn. Ekki kemur til röskun á gróðri við framkvæmdirnar. Áætlað er að 1500 - 2500 m³ af efni þurfi í borteig, en ekki er gert ráð fyrir að styrkja þurfi vegslóða vegna framkvæmdanna.


Í staðfestu svæðisskipulagi fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum kemur fram að Gjástykki sé aftast í framkvæmdaröð virkjana á svæðinu og þar skuli ekki fara í orkuvinnslu ef nægjanleg virkjanleg orka finnst á öðrum svæðum sem skipulagið tekur til. Tekið er fram að lögð verður áhersla rannsóknir þ.m.t. rannsóknarboranir. Ennfremur kemur fram að Gjástykki er nær allt þakið nútímahrauni og nýtur því sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Má í því sambandi benda á að þar er hraun sem rann í Kröfluedum og hefur það mikið vísindalegt gildi.

Umhverfisstofnun skilaði tillögu að svæðum sem skuli undirbúa til friðlýsingar samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu til umhverfisráðherra og er Gjástykki hluti af einu þeirra svæða sem lagt er til að friðlýsa vegna mikils verndargildis, einkum vegna jarðmyndana, landmótunar (s.s. eldvirknisprungna og gliðnunar), landslags, útivistar og fræðslugildis.


Umhverfisstofnun bendir á að hvergi kemur fram í tilkynningunni hvort önnur svæði sem skipulagið nær til gefi ekki nægjanlega orku og að rannsóknarholan er hönnuð sem vinnsluhola. Stofnunin telur að rannsaka beri önnur svæði eins vel og mögulegt er og hefja nýtingu á þeim áður en tekin er ákvörðun um að ráðast í borun rannsóknarholu í Gjástykki með þeirri varanlegu röskun sem slík framkvæmd hefur í för með sér.

Í ljósi ofanritaðs er það mat Umhverfisstofnunar að hér sé um varanlega framkvæmd ræða á svæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og innan svæðis sem stofnunin hefur lagt til að verði friðlýst án þess að fyrir liggi hvort hennar sé þörf, eins og staðfest skipulag gerir ráð fyrir. Stofnunin telur því að líkur séu á að borun rannsóknarholu í Gjástykki hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna verndargildis svæðisins.

Virðingarfyllst



Hælgj Jensson
ráðgjafi



Hjalti Guðmundsson
sviðsstjóri